



**Sveitarstjórnarfundur 5-2023**  
**Skagabúð 10. ágúst 2023 kl 08:00**

*Mættir voru: Erla Jónsdóttir, Magnús Björnsson, Vignir Sveinsson, Bjarney Jónsdóttir og Elín Anna Rafnsdóttir sem varamaður Kristjáns Kristjánssonar sem boðaði forföll.*

*Erla setti fundinn og stjórnaði honum og Bjarney ritaði fundargerð.*

**Dagskrá og afgreiðsla fundarins**

**1. Úrgangsmál - Niðurstaða útboðs í sorphirðu**

*Niðurstöður sameiginlegs útboðs eru óhagstæðar fyrir Skagabyggð, lægsta heildartilboðið er frá Terra er 120% yfir kostnaðaráætlun fyrir Skagabyggð. Tilboðinu er hafnað og oddvita er falið að festa kaup á úrgangs ílátum og leita annarra ódýrari leiða við sorpsöfnun.*

**2. Kálfshamarsvík- skipulag**

*Ákveðið að óska eftir fundi með landeigendum.*

**3. Sjóvarnir við Víkur - ósk um framkvæmdaleyfi**

*Framkvæmdaleyfi veitt*

**4. Norðurá - ábyrgð á lántöku**

*Sveitarstjórn Skagabyggðar samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Norðurár bs hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 170.000.000 kr. til allt að 16 ára. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Norðurá bs. Til tryggingar ábyrgðinni standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til gerðar urðunarstaðarins Stekkjarvíkur við Sölvabakka sem fellur undir láns hæf verkefni sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.*

*Sveitarstjórn Skagabyggðar skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Norðurár bs. til að breyta ekki ákvæði samþykpta Norðurár bs sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.*

*Fari svo að Skagabyggð selji eignarhlut í Norðurá bs. til annarra opinberra aðila, skuldbindur Skagabyggð sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.*

*Jafnframt er Erlu Jónsdóttur, oddvita veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h.*

*Skagabyggðar veitingu ofangreindrar ábyrgðar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.*

**5. Reglur um skammtímadvöl fyrir fötluð börn og ungmenni**

*Fyrir fundinum lágu reglur um skammtímadvöl fyrir fötluð börn og ungmenni sbr. 17.gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og reglugerð nr. 1037/2018 um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstöðum. Reglurnar eru reglur sveitarfélagsins Skagafjarðar sem leiðandi sveitarfélags í málefnum um fatlað fólk. Reglurnar voru samþykktar samhljóða.*

**6. Skagabúð - vatnsmál og rekstur**

*Fyrir fundinum lá samantekt á kostnaði við borun hjá Hofi. Sveitastjórn samþykkir að leita áfram leiða við vatnsöflun fyrir Skagabúð og bæta allt að 3 milljónum króna sem viðauka við fjárhagsáætlun sem fjármagnað yrði með eigin fé.*

**7. Samningur um byggingar- og skipulagsfulltrúa**

*Liðnum var frestað*



**8. Svæðisáætlun úrgangs til samþykktar**

Sveitarstjórn samþykkir Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2023 -2036.

**9. Vegaframkvæmdir í Skagabyggð**

Fengum styrk að upphæð 3 milljónir til vegaframkvæmda, lagfærðir verða vegkaflar á Laxárdal, við Hallá og afleggjara að Fossárrétt.

**10. Bréf**

**a) Kvenfélagið Hekla - undanþága frá gjaldskrá Skagabyggðar**

Fyrir fundinum lá bréf varðandi undanþágu fyrir kvenfélagið frá gjaldskrá Skagabúðar. Samþykkt

**b) SSNV - sýn Skagabyggðar vegna umsagnar um svæðisbundið samráð sveitarfélaga í þágu farsældar barna.**

Við teljum okkur ekki geta lagt mat á þetta þar sem einungis er lítil reynsla komin á farsældarlögin.

**11. Fundargerðir**

**a) Fundargerðir 929-930. funda Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Lagðar fram til kynningar

**b) Fundargerð 95. fundar SSNV**

Lögð fram til kynningar

**c) Fundargerð 111. fundar Norðurá bs**

Lögð fram til kynningar

**12. Önnur mál**

**a) umsókn um skólagöngu utan lögheimilisfesti**

Umsóknin er samþykkt með fyrirvara um að skólaakstur fái st.

**b) Styrktarsjóður EBÍ**

Skagabyggð var úthlutað 800.000 kr vegna verkefnisins "Kálfshamarsvík-göngustígar, stikun, upplýsingastaur"

**c) Söfnun á landbúnaðarplasti**

Verður safnað fljótlega, auglýst áður á facebook síðu sveitarfélagsins og á heimasíðu Skagabyggðar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:19

---

Vignir Sveinsson

---

Magnús Björnsson

---

Bjarney R Jónsdóttir

---

Erla Jónsdóttir

---

Elín Anna Rafnsdóttir